

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2011

Í upphafi árs voru í Menningar- og bókasafnsnefnd: Valdís Kristinsdóttir, formaður (B), Kristín Gísladóttir, (D) og Halldór Lárusson, (G). Starfsmaður nefndarinnar var Kristinn Reimarsson. Vegna stjórnarsýslubreytinga var á 410.fundi bæjarstjórnar í september 2011 skipað í nýjar nefndir undir nýjum heitum. Í Frístunda- og menningarnefnd eru:

Aðalmenn:

Pórunn Erlingsdóttir B

Jóna Rut Jónsdóttir, formaður D

Ægir Viktorsson, varaform. D

Helena Bjarnís Bjarnadóttir G

Helga Kristjánsdóttir S

Varamenn:

Unnar Magnússon B

Kristín Gísladóttir D

Atli Geir Júlíusson D

Páll Axel Vilbergsson G

Páll Þorbjörnsson S

Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í heilli stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 50% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 50% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu (Atvinna með stuðningi)).

Safnkostur og þjónusta (tölur frá fyrra ári í sviga)

Við árslok var búið að skrá inn 18.821 safngagn(18.049), sem skiptist í bækur, hljóðbækur, tímarit, tölvugögn, DVD, (nokkur myndbönd enn eftir). Nýskráð gögn voru 895 (920) og afskráð gögn voru 234 (689) (eldri tímarit, afskráð tvítök (seld ódýrt) og ónýtt og glatað efni). Afgreiðslutími bókasafnsins er frá kl. 11 til 18, mánudaga til föstudaga – alls 35 tímar á viku, lokað um helgar.

Með samstarfi safnanna á Suðurnesjum breikkar úrvalið mikið fyrir alla lánþega þeirra.

Bókasöfn landsins bjóða að auki, landsmönnum upp á sameiginlegu leitargáttina

www.leitir.is. Þar er m.a. Hvar.is (www.hvar.is) innanborðs, sem fær mikinn fjölda

heimsókna eða alls 1.096.540 árið 2011 (907.294). Þarna er hægt að ná í margs konar efni

allan sólarhringinn, t.d. fræðigreinar í fullri lengd. Ef mbl.is er talið með bætist heldur betur

við þessa tölu eða 4.039.430 heimsóknir/leitir á netinu, yfir allt landið.

Við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2011 var ákveðið að setja á nýtt gjald fyrir frátektir gagna, sem er eins konar þjónustugjald (kostar útprentun og oft símtal eða sms) og að hækka leigu á DVD og tölvuefni.

Bókasafn – gjaldskrá 2012		
Árgjald, 16-67 ára - (börn, öryrkjar og ellilífeyrisþ. fá frítt)		1.500
Leiga á DVD	(var 250)	260
Leiga á tungumálanámsk. (ísl.námsk. frítt!)	(var 250)	260
Leiga á margmiðlunarefni	(var 250)	260
Sekt á bækur, kr. dag		20
Sekt á CD		20
Sekt á DVD og margmiðlunarefni pr. dag.		50
Internet, fyrstu 15. mín		150
Internet 30 mín		250
Internet klst		400
Frátekt á bók kr/stk		50
Ljósrit A4		25
Ljósrit A3		50
Plöston	A5 á kr.50 – A4 á kr. 100 – A3 á kr 150	-----

Útlán (tölur frá fyrra ári í sviga)

Nokkuð hrap er í útlánnum árið 2011, ekki gott að átta sig á hvað veldur... hvort það geti verið árgjaldið eða kannski sparnaður undangenginna ára að koma í bakið á okkur. Það virðist þó vera samdráttur í útlánnum almennt – eins og kemur fram í árstölum Landskerfis sjá:

www.landskerfi.is Rafbókin er svo auðvitað alltaf að verða algengari – en höfundarréttur og margt annað hefur orðið til þess að ekki hefur verið hægt að lána þær út frá söfnunum ennþá.

Til þess að nýju bækurnar dreifðust betur fyrir jólin var ákveðið að hver lánþegi fengi aðeins eina nýja bók fram á Þorláksmessu, en þá fengu allir að taka tvær nýjar með heim, ef vilji var til þess.

Heildarútlán voru tæplega 14.700 eintök, en voru um 15.500 í fyrra.

Útlán skiptast þannig:

- Bækur tæplega 12400 eintök
- Annað efni um 2300 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Millisafnalán samtals voru 7 alls – 4 beiðnir frá okkur og þrjár til okkar.

Lánþegaskrá og komur gesta á safnið (tölur frá fyrra ári í sviga)

Aftur var hreinsað til í lánþegaskránni, handvirkt, undir lok árs, en áætlanir um greidd árgjöld reyndust langt frá raunveruleikanum við fjárhagsáætlun fyrir 2011. Við þessa seinni tiltekt virðist sem nokkrir hafi hætt vegna árgjaldsins (t.d. einstæðar mæður og námsmenn), en einnig sást vel að aðeins annað hjóna eða maka voru með gild skírteini, en ekki hafði heldur verið reiknað með þeim afföllum síðast. Við lok árs voru lánþegar 676 (1098), 323 greiddu árgjald, einn greiddi hálf gjald (farandverkamaður) og 13 greiddu annars staðar. Aðrir lánþegar eru þá börn, unglingar, lífeyrisþegar eða skólar, sem ekki greiða árgjald.

Vegna þess að lánþegar detta út af lánþegaskrá þegar skírteinin renna út, verður talning þeirra, milli ára og mánaða, nokkuð á reiki – svo dæmi sé tekið gerist það þannig að þrjátíu fyrir að 10-12 manns greiði árgjald í janúar hefur jafnvel fækkað á lánþegaskrá þann mánuðinn, vegna þess að skírteini fyrra árs renna út hjá 12-14 lánþegum til viðbótar og þeir koma svo kannski ekki fyrir en í febrúar eða mars til að endurnýja. Á meðan teljast þeir ekki lánþegar. Landskerfi hefur brugðist við þessu og gefur einnig upp meðaltal undanfarinna þriggja ára og voru virkir lánþegar okkar að meðaltali 1021 þessi ár.

Samkvæmt talningu, sem gerð var einu sinni í mánuði yfir árið, viku í senn, hefur meðaltal gesta hækkað örlítið eða í rúml 193 á viku (190). Komur unglunga standa í stað – 8, en komum barna fjölgar aftur – í rúml. 49 (41) á viku. Yfir allt árið komu rúmlega 10.000 gestir á safnið.

Styrkir

Samstarf var áfram með Bókasöfnunum á Reykjanesskaga og Miðstöð símenntunar um fyrirlestraröð. Verkefnið er styrkt af Menningarráði Suðurnesja með styrkveitingu árið 2011 og dagskrá um menningararfinn verður haldin á öllum 5 söfnunum vetur og haust 2012.

Viðburðir

Örsögu- og ljóðakeppni var haldin fyrir 4.-7.bekk grunnskólans í mars í samstarfi við skólasafnið. Alls skiluðu 36 krakkar inn efni. Sérstaka viðurkenningu fengu tvær stúlkur fyrir efni og frágang, þær Angela Björg Steingrímisdóttir og Sylvía Sól Magnúsdóttir, sem skiluðu inn sögunni Draugasaga og sitt hvoru ljóðinu, Grindavík og Lífið. Verðlaunasætið fór til Ingu Bjarneyjar Óladóttur fyrir vísuna Kaffi.

Leitað var til veitinga- og verslunaraðila hér í bæ um vinninga og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Á Menningardögum Grindavíkur í mars/apríl fengum við Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur bókmenntafræðing og Aðalstein Ásberg Sigurðsson til að spjalla og skemmta okkur. Einnig fengum við Margréti Rut Reynisdóttur til að lesa upp úr bók Brynhildar og Elsu Katrínu Eiríksdóttur sem las efni úr örsögukeppni safnsins.

Fimmtudaginn 14. apríl var haldið upp á Bókasafnsdaginn í fyrsta sinn um land allt. Breytt var út af vananum á söfnunum þann dag og sitthvað til gamans gert, boðið upp á kaffi og fl. Nýtt merki (lógó) almenningsbókasafna var kynnt og ýmis slagorð um gæði þeirra urðu til og voru þau m.a. notuð á bókamerki sem lánþegar fengu.

Sumarlestur var að venju og fór uppskeruhátíðin fram 8.september á alþjólegum degi læsis. 43 krakkar skráðu sig, en 29 þeirra skiluðu inn lesnum bókum. Alls voru lesnar 40.416 blaðsíður – bækur, syrpur og blöð. Mikið færri börn tóku þátt að þessu sinni, heldur en undanfarin ár. Reglum verður breytt á næsta ári, m.a. um fjölda bóka og skriffinnskan minnkuð fyrir börnin.

Amnesty kortin lágu frammi til undirskriftar í byrjun desember eins og undanfarin ár og gekk afar vel.

Eigendur Kaffihússins Bryggjunnar hafa undanfarin ár verið með bókmenntakvöld og var leitað eftir samstarfi við þá um bókakonfekt eins og það var kallað 8. og 14.desember. Við fengum til okkar rithöfundana Guðmund Andra Thorsson, Ólaf Gunnarsson, Sigurð Pálsson, Vigdís Gríms, Yrsu Sigurðar og Þráinn Bertelsson, sem lásu upp úr nýjum bókum sínum og spjölluðu um heima og geyma á Bryggjunni. Bæði kvöldin tókust með ágætum, þó húsfyllir hefði aðeins verið á því seinna.

Myndir frá flestum viðburðum safnsins er að finna á Ljósmyndavef Grindavíkur:
<http://myndir.grindavik.is/> undir flokknum *Bókasafn*

Grindavík, 2.apríl 2012

Margrét R. Gísladóttir,
Forstöðumaður.